

Borgarráð 27. júlí 2023: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um að hætta útvistun á sorphirðu MSS23070096

Lagt er til að Reykjavíkurborg hætti að útvista sorphirðu við grenndargáma innan sinna marka. Þess í stað sjái borgin sjálf um verkið og sé með beinráðið starfsfólk og vinnuvélar til að sinna sorphirðunni.

Greinagerð:

Reykjavíkurborg sér um að hirða heimilissorp hjá íbúum. Til þess er hún með sorphirðubíla og starfsfólk sem er beinráðið. SORPA heldur hins vegar utan um hirðu á grenndargámum innan höfuðborgarsvæðisins, en borgin getur ákveðið að tæming á grenndargámum innan sinni marka verði ekki útvistað til einkafyrirtækis. Hún getur, líkt og með heimilissorpið, sinnt slíkum verkum sjálf. Það er í verkahring Reykjavíkur að sinna grunnþjónustunni. Með því að útvista ábyrgðinni annað er hún að draga úr lýðræðislegu aðhaldi og flækja stjórnsýsluna til muna. Útvistun er bæði dýrari, flóknari og óskilvirkari til lengri tíma lítið. Með samþykkt tillögunnar verður dregið úr milliliðum í kerfinu og jafnframt skýrt hvaða aðili það er sem ber ábyrgð á sorphirðu, þ.e. Reykjavíkurborg. Á meðan verkefnum er útvistað er tilhneigingin sú að hún afsali sér þeirri ábyrgð.